ANTIKVA EHF 2023

# Klettur í Kollafirði

## Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

**Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir**






**Mynd 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.**

Forsíðumynd: Grjóthlaðin rétt [129]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www. antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-33-8

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir

# Efnisyfirlit

Inngangur ........ 10

Fornleifaskráning og skráningarsvæðið ........ 11

Tilgangur fornleifaskráningar ........ 13

Fornleifaskráning og aðferðir ........ 16

Minjanúmer ........ 16

Tegund, hlutverk og heiti ........ 17

Staðsetning ........ 17

Staðhættir og lýsing ........ 17

Hættumat ........ 17

Mótvægisaðgerðir ........ 18

Fornleifar á svæðinu ........ 18

Klettur [65] ........ 19

Klettur – bæjarstæði [2996-101] heimild ........ 22

Lambhús [2996-103] hóll og garður [2996-104] garðlag − matjurtagarður ........ 23

Súrheystóft [2996-106] tóft og niðurgröftur [2996-107] ........ 25

Brunnur [2996-114] og lokræsi [138] heimild ........ 28

Fjárhús – hesthús [2996-105] tóft ........ 28

Brunnhús [2996-108] heimild ........ 33

Fjós – hrútakofi [2996-115] tóft ........ 33

Útihús [2996-116] tóft ........ 37

Garður – útihús? [2996-111] garðlag − þúst ........ 39
Útihús? [2996-112] þúst ........ 41
Útihús [2996-110] tóft ........ 41
Óþekkt [1996-113] tóft? ........ 42
Útihús? [2996-102] tóft – túnahreinsun ........ 45
Útihús [2996-120] tóft og gerði [2996-119] aðhald ........ 47
Kartöflugarður [2996-118] matjurtagarður ........ 49
Túngarður [2996-117] garðlag ........ 50
Garður [2996-135] garðlag ........ 56
Leið [2996-121] gata ........ 57
Naust [2996-122] tóft og uppsátur [2996-123] dæld ........ 58
Sjóvarnargarður − túngarður [2996-127] garðlag og byrgi [2996-125 / 126] tóftir ........ 59
Garður [2996-124] garðlag ........ 65
Rétt [2996-109] tóft − garðlag ........ 67
Leið [2996-134] gata ........ 69
Byrgi [2996-133] hleðsla ........ 70
Vörður [2996-132] vörðubrot og [2996-136] heimild ........ 70
Rétt [2996-129], leiðagarður [2996-131] garðlag og leið [2996-128] gata ........ 71
Kvíar [2996-130] hleðsla ........ 75
Leið [137] gata ........ 75
Samantekt og niðurstöður ........ 76

Heimildir ........ 81

Árnastofnun – Örnefnasafn ........ 82

## Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu. ........ 2

Mynd 2. Horft suður yfir skráningarsvæðið. Flygildismyndina tók Jóhannes Haraldsson. ........ 11

Mynd 3 Skipulagssvæðið, byggingareitir og fornleifar. ........ 12

Mynd 4. Skráningarform í Reykhólahreppi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands. ........ 15

Mynd 5. Kort sem sýnir staðsetningu fornleifa innan skráningasvæðis. ........ 18

Mynd 6. Klettur í Kollafirði. Horft norðvestur yfir miðhluta og norðurhluta skráningarsvæðisins. Flygildismynd: Jóhannes Haraldsson. ........ 19

Mynd 7. Byggingar á túnakorti Kletts árið 1920. ........ 20

Mynd 8. Gamli torfbærinn að Kletti árið 1936. Ljósmynd úr einkasafni fjölskyldunnar að Kletti. ........ 21

Mynd 9. Syðsta burstin á gamla bænum stendur en hinar hafa verið teknar niður og nýr bær er í byggingu. Ljósmynd úr einkasafni fjölskyldunnar að Kletti. ........ 22

Mynd 10. Horft suðvestur að Hólnum þar sem lambhús [103] stóð. Bunga frá tóftinni h.m. ........ 24

Mynd 11. Þessi hóll geymir leifar af lambhúsi [103]. ........ 24

Mynd 12. Horft niður eftir garðlagi [104]. Matjurtagarður var þar sem nú er mjög þýft sunnan þess og virðist mega sjá útlínur hans t.h. á myndinni. Neðar er grjóttúngarðurinn [117]. ........ 25

Mynd 13. Tóft [106] og v.m. sést niðurgröftur [107]. ........ 26

Mynd 14. Tóft [106]. Hleðslugrjót er sýnilegt í norðurveggnum. ........ 26

Mynd 15. Niðurgröftur [107] fast við suðurvegg tóftar [106]. ........ 27

Mynd 16. Fjárhús [105] ásamt hlöðu og hesthúsi á gróinni klettahæð við bæjarlækinn. ........ 29

Mynd 17. Hesthús á norðurenda fjárhúsa [105]. ........ 30

Mynd 18. Horft vestur yfir hesthústóft. Heystallur sést við vegginn h.m. ........ 30

Mynd 19. Inngangur úr miðrými í endarýmið. ........ 31

Mynd 20. Horft suðaustur yfir fjárhús [105]. ........ 32

Mynd 21. Fjárhús [105] ásamt hlöðu og hesthúsi við norðurenda. ........ 32

Mynd 22. Fjárhús [105]. ........ 33

Mynd 23. Vegghleðsla í utanverðum suðurvegg fjóstóftar [115]. ........ 34

Mynd 24. Horft suðaustur yfir bása fjóssins [115]. Handan lækjarins sést hesthús [105]. ...... 35

Mynd 25. Horft suður yfir stærra rýmið eða hlöðuna í fjósi [115]. ........ 36

Mynd 26. Horft framan á fjóshlöðuna [115]. Hér sést inngangur. ........ 36

Mynd 27. Hér var brunnhús [108]. ........ 37

Mynd 28. Horft suðaustur yfir útihús [116]. Lengra frá er fjós [115] t.v., fjárhús [105] t.h.... 38

Mynd 29. Horft norður yfir tóft [116]. Lækir renna allt í kring. ........ 39

Mynd 30. Horft austur eftir garði [111]. Grjót er í vesturendanum. ........ 40

Mynd 31. Garður [111] sveigir suður og endar í þúst eða mögulega tóft (fremst á mynd). .... 40

Mynd 32. Er tóft í þessari þúst [112]? ........ 41

Mynd 33. Lítil útihústóft [110] í túninu norðan við sveigmyndaða garðinn [111]. ........ 42

Mynd 34. Þarna virðist vera tóft [113]. Horft norðvestur. ........ 43

Mynd 35. Gömul ógreinileg tóft? [113]. 43

Mynd 36. Horft suðaustur yfir mögulega tóft [113]. 44

Mynd 37. Upphækkun í túninu og þar sem mögulega er tóft [113]. 44

Mynd 38. Horft suður yfir tóft [102]. 46

Mynd 39. Náttúruleg uppspretta kemur upp við tóft [102]. Fjær sést túngarðurinn [117]. 46

Mynd 40. Tóft [120] er bungan t.v. og hringlaga gerðið [119] sést nokkru fjær t.h. ofan á hæðinni. 47

Mynd 41. Tóft [120]. Inngangur er milli steinanna. 48

Mynd 42. Gerði [119] er illgreinanlegt í þýfðu túninu. 48

Mynd 43. Gamli matjurtagarðurinn [118] hlaðinn upp við suðurtúngarðinn. 49

Mynd 44. Kartöflugarður [118]. Hlaðið garðlag norðan megin. 50

Mynd 45. Grjóthlaðni túngarðurinn [117] vestan túns (fremst) og norðan (fjær). 51

Mynd 46. Grjóthlaðni túngarðurinn [117]. 51

Mynd 47. Grjóthlaðni túngarðurinn [117] norðan túns. 52

Mynd 48. Steinbrú yfir bæjarlækinn, byggð inn í vesturtúngarðinn [117]. 53

Mynd 49. Torfhlaðni túngarðurinn [117]. 54

Mynd 50. Torfhlaðni túngarðurinn [117], samfallnari þegar dregur í suðaustur. 55

Mynd 51. Grjót í austasta hluta túngarðsins á kafla þar sem hann er lágur. 55

Mynd 52. Garður [135] nær niður að fjöru. 56

Mynd 53. Gata [121]. Greina má tvo samhliða slóða meðfram garði [135]. 57

Mynd 54. Sjórinn flæðir alveg að nausti [122]. 58

Mynd 55. Uppsátur [123]. Þarna gæti verið far eftir bát sem dreginn hefur verið á land........ 59

Mynd 56. Gömul ljósmynd af sjóvarnargarðinum. Úr einkasafni fjölskyldunnar að Kletti. ... 60

Mynd 57. Sjóvarnargarður [127] eins og hann lítur út núna. ................................................. 60

Mynd 58. Sjóvarnargarðurinn [127]........................................................................................ 61

Mynd 59. Sjóvarnargarður [127] liggur suður upp á Ytri-Vogatanga. .................................... 61

Mynd 60. Horft niður á sjóvarnargarðinn [127] og fjöru í Voginum...................................... 62

Mynd 61. Horft vestur yfir tóft [125] sem líklega er af byrgi. ................................................ 63

Mynd 62. Tóft [125]; horft suður. ........................................................................................... 63

Mynd 63. Tóft [126] byggð upp við innanverðan sjóvarnargarðinn [127]. ............................. 64

Mynd 64. Tóft [126] úr torfi og grjóti. ..................................................................................... 64

Mynd 65. Garður [124]; torfgarður sem liggur austur frá skurði. ........................................... 65

Mynd 66. Grjóthlaðni hlutinn af garði [124] liggur suður frá torfgarðinum............................ 66

Mynd 67. Horft austur út á Voginn yfir sjóvarnargarð [127]. V.m. má greina girðingu úr timbri milli hans og garðlags [124]. Ljósmynd úr einkasafni fjölskyldunnar að Kletti........... 66

Mynd 68. Horft austur eftir torfgarði og rétt [109]. Austurendi túngarðs [117] fremst t.h...... 67

Mynd 69. Rétt [109]. ................................................................................................................ 68

Mynd 70. Haustsmölun árið 1957. Hér sést að timbur hefur áður verið hluti af byggingarvirki réttarinnar [109]. Ljósmynd úr einkasafni fjölskyldunnar að Kletti. ...................................... 68

Mynd 71. Hleðslur [133] milli klappa....................................................................................... 69

Mynd 72. Vörðuleifar [132]. Tvær vörður voru á Inni-Vogatanga.......................................... 70

Mynd 73. Vörðustæði [132] á Innri-Vogatanga....................................................................... 71

Mynd 74. Rétt [129] hlaðin upp við hamravegg. Horft vestur................................................ 72

Mynd 75. Rétt [129]. Horft austur. 73

Mynd 76. Leiðagarður [131] við réttargötuna [128] á móti réttinni [129]. 74

Mynd 77. Gata [128] liggur allt frá rétt [109] til réttar [129] við Réttarkletta. 74

Mynd 78. Leið [137] er nýleg og telst ekki til fornleifa. 75

# Inngangur

Að beiðni Helgu Jensen, fyrir hönd landeigenda að Kletti við Kollafjörð í Reykhólahreppi, tók Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags á jörðinni. Skráningin fékk verknúmerið 2996 hjá Minjastofnun Íslands.

Klettur hefur verið í byggð að minnsta kosti frá því á 13. öld en nú er ekki búið á jörðinni lengur heldur nýtir fjölskyldan bæinn í frístundum og hefur hug á að reisa fleiri orlofshús fyrir fjölskyldumeðlimi í nágrenni hans. Gert er ráð fyrir alls 18 byggingareitum. Innan svæðisins eru tóftir ýmissa mannvirkja frá ábúðartíma jarðarinnar, túngarður sem liggur kringum mestallt bæjartúnið, réttir o.fl. Í skipulaginu er þó reynt að taka tillit til þekktra minja og gert ráð fyrir 15 m friðhelguðu svæði kringum flestar af þessum minjum í samræmi við lög um menningarminjar.[1] Það ætti að koma í veg fyrir að þeim verði raskað, auk þess sem framkvæmdaaðilar, fjölskyldan að Kletti, er mjög áhugasöm um að vernda minjarnar.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Hrafnhildur og Jóhannes Haraldsbörn sem ólust upp að Kletti í hópi sex systkina, létu í té upplýsingar um svæðið við skráningu. Jóhannes tók einnig flygildismyndir sem notaðar eru í skýrslunni. Gamlar ljósmyndir voru teknar af ýmsum afkomendum Sæmundar Brynjólfssonar og Þorkötlu Soffíu Ólafsdóttur frá Kletti, nú geymdar í einkasafni á bænum og eru þær birtar með góðfúslegu leyfi fjölskyldunnar. Landeigendum öllum er þakkað fyrir góðar viðtökur, áhuga og hjálpsemi.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

[1] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 22. gr.

# Fornleifaskráning og skráningarsvæðið



**Mynd 2. Horft suður yfir skráningarsvæðið. Flygildismyndina tók Jóhannes Haraldsson.**

Þetta er í fyrsta skipti sem fornleifaskráning fer fram í landi Kletts. Gengið var um allt svæðið, minjar staðsettar og mældar upp á vettvangi eins og krafist er samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skráningarsvæðið liggur milli Kollafjarðar og þjóðvegar. Það afmarkast af firðinum að austan, þjóðveginum að norðan, klettahjöllum að vestan en skurðum að sunnan. Byggingalóðir eru samkvæmt deiliskipulagi fyrirhugaðar á 17,8 hekturum af þessu landi, flestar í túninu kringum bæinn og ræktuðu landi sunnan hans en nokkrar á svæðinu norðanverðu.

Klettur var vestasti bærinn í Gufudalssveit og hefur verið talinn kenndur við klettinn Gunnstein sem ber við himin á leiðinni vestur upp Klettsháls. Landið sjálft er þó líka klettótt

og liggja lág hamrabelti og grónar klettahæðir um bæjartúnið og víðar á jörðinni. Vestan og ofan túns er Klettshlíð en sem svo var kölluð innan við Deild. Utar heitir fjallið Bæjarnesfjall. Lækur rennur austur niður túnið út í Voginn sem sker það úr firðinum en sín hvoru megin hans eru Ytri-Vogatangi og Innri-Vogatangi. Norðanvert svæðið er vaxið mosa og lyngi og er einnig nokkuð klettótt og liggja svokallaðir Réttarklettar norðvestur yfir það. Norðar eru Melar sem ná niður að Eyrum við botn Kollafjarðar þar sem nú er líka ræktað tún.[2]

Landamerki Kletts ná norður að Fjarðarhornsá og Frakkadalsá sem ræður síðan merkjum upp á fjöll en jörðin á land norður fyrir Rauðuborg og út á Klettsháls.[3] Næstu byggðu ból í norðurátt voru Seljaland sem virðist fyrst hafa verið sel frá bænum en síðar hjáleiga, og Fjarðarhorn, lengi hjáleiga jarðarinnar Múla.[4] Að sunnanverðu á Klettur land á Bæjarhlíð, eins og ytri hluti fjallsins fyrir ofan heitir, í ytra Deildargil og beint til sjávar og stendur þar steinn sem sýnir merkin gagnvart Bæ á Bæjarnesi.[5]




**Mynd 3 Skipulagssvæðið, byggingareitir og fornleifar.**

[2] Stuðst við örnefnalýsingu um örnefni: Ö-Klettur; sbr. einnig Þorsteinn Þórðarson, 1952, 82-83.
[3] Finnbogi Jónsson, 2014, 446.
[4] Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson, 2012, 158-165.
[5] Finnbogi Jónsson, 2014, 446; Þorsteinn Þórðarson, 1952, 82-83.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

122, Naust, Arkeologiska object

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

| Attribute | Value |
|---|---|
| Minj_id | 2996-122 |
| Bæjarnafn | Klettur |
| Jarðatal Johnsen | 65 |
| Flokkun | Sjóminjar |
| Tegund | Tóft |
| Efni | Grjót |
| Lengd | 6 meter |
| Breidd | 4,6 meter |
| Veggjahæð frá | 0,1 |
| Veggjahæð til | 0,3 |
| Breidd veggjar | 1,0 |
| Umhverfi | Niður við sjó |
| Svæði | Ytri-Vogatangi |
| Túnakort | Nei |
| Aldur frá | 1900 |
| Aldur til | 1920 |
| Skráning | RKT |
| Mæling | Uppmæling |
| Dagur | 09.05.2022 |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | Engin hætta |
| Hættuorso | <None> |
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar |
| Minjagildi | Nokkurt |
| Verkefni | Deiliskipulag Klettur |
| Verkefna nr | 2996 |
| Sveitarf | Reykhólahreppur |
| Gróður | Gras |
| Friðað | Já |
| Hlutverk | Naust |

**Mynd 4. Skráningarform í Reykhólahreppi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.**

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum

breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Klett. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Klettur – bæjarstæði „[2996-101]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Vestfjörðum.

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis brunnhús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis fjárhús [2996-105].

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Reykhólahrepps. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

## Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa fjórar fornleifar horfið eða sjást ekki á yfirborði og eru því eingöngu þekktar af heimildum.

### Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

## Fornleifar á svæðinu




**Mynd 5. Kort sem sýnir staðsetningu fornleifa innan skráningasvæðis.**

# Klettur [65]



**Mynd 6. Klettur í Kollafirði. Horft norðvestur yfir miðhluta og norðurhluta skráningarsvæðisins. Flygildismynd: Jóhannes Haraldsson.**

Samkvæmt *Landnámu* nam Kolli Hróaldsson Kollafjörð, Kvígandanes og Kvígandafjörð og seldi ýmsum mönnum landnám sitt.[6] Klettur er ekki nefndur en byggðist engu að síður snemma, því árið 1238 var hann talinn með jörðum sem greiddu Gufudalskirkju tíund.[7] Jörðin virðist alla tíð hafa verið í bændaeign en skýtur einnig upp kollinum í dómsskjali árið 1516 þar sem kemur fram að Guðrúnu Árnadóttur skyldi fylgt yfir Kollafjarðarheiði til Kletts í Kollafirði en hrepparnir deildu um hver ætti að annast framfærslu konunnar.[8] Klettur hefur líklega verið fyrsti byggði bærinn sem varð fyrir þegar komið var niður af Kollafjarðarheiði

[6] *Íslenzk fornrit*, I, 1968, 168.
[7] *Íslenzkt fornbréfasafn*, I, 1857-1876, 522.
[8] *Íslenzkt fornbréfasafn*, VIII, 1906-1913, 589.

því nágrannabæirnir, Seljaland og Fjarðarhorn, fyrst nefndir árið 1703, hafa byggst tiltölulega seint.[9] Þótt heimildir séu fáorðar á Klettur sér forna sögu.



**Mynd 7. Byggingar á túnakorti Kletts árið 1920.**

Þegar *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var skrifuð árið 1703 var Klettur í bændaeign, ábúandi var Jón Ívarsson og höfðu eigendur jarðarinnar búið þar sjálfir í þrjá ættliði. Hún var metinn 25 hunduð og tíundaðist fjórum tíundum. Kirkjuvegur var langur og torsóttur yfr Gufudalsháls. Landskostir voru ágætir og úthagar nægir en kvikfé hætt fyrir ógönguklettum og „engjar útfrá og uppfrá bænum [...] so að kalla eyðilagðar af skriðum úr fjallinu.“ Seljaland taldist eyðihjáleiga og lá undir Klett.[10]

Jarðarmatið var þó lægra í seinni jarðabókum. Í *Jarðatali* Johnsens árið 1847 var það einungis tíu hundruð og hjáleigan Seljaland sem var þá í ábúð taldist sex hundruð. Klettur var áfram í bændaeign og ábúandi einn.[11]

[9] Árni Magnússon og Páll Vídalín, VI, 1938, 230-231.
[10] Árni Magnússon og Páll Vídalín, VI, 1938, 231.
[11] Johnsen, 1847, 178.

Þorbjörg Jóhannesdóttir og Þórður Arason sem bjuggu að Kletti 1869-1914 bættu jörðina mikið og síðan annaðist Ingimundur sonur þeirra búreksturinn ásamt Sigríði Ingibjörgu Þórðardóttur til ársins 1922. Sumar minjarnar sem hér eru skráðar gætu verið frá tíð þessarar fjölskyldu. Næstu fimm ár voru ábúendaskipti tíð og bjuggu þrjár fjölskyldur á jörðinni, eitt til tvö ár hver. Árið 1927 fluttu svo Þorkatla Soffía Ólafsdóttir og Sæmundur Brynjólfsson að Kletti og voru með búskap til ársins 1960. Þá tók Haraldur sonur þeirra við ásamt konu sinni, Jóhönnu Dóru Rebekku Jóhannesdóttur. Haraldur fórst í bílslysi árið 1974 en ekkjan bjó áfram að Kletti til ársins 1975. Eftir þetta var búseta stopulli. Jörðin er nú í eigu barna og afkomenda þeirra Haraldar og Jóhönnu.[12]



**Mynd 8. Gamli torfbærinn að Kletti árið 1936. Ljósmynd úr einkasafni fjölskyldunnar að Kletti.**

[12] Finnbogi Jónsson, 2014, 446-453; Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson, 2012, 168.

## Klettur – bæjarstæði [2996-101] heimild



**Mynd 9. Syðsta burstin á gamla bænum stendur en hinar hafa verið teknar niður og nýr bær er í byggingu. Ljósmynd úr einkasafni fjölskyldunnar að Kletti.**

Á túnakorti frá árinu 1920 sést síðasti gamli torfbærinn. Áttatáknanir vantar á kortið en bæjarlækurinn sem enn rennur um túnið er á kortinu og af stefnu hans og mannvirkjum má ráða hvernig það snýr. Norðan lækjarins eru sýnd þrjú mannvirki í röð með stefnu norður – suður og má ætla að hið nyrsta og stærsta sé gamli torfbærinn. Fast sunnan hans hefur þá verið útihús og fast sunnan þess matjurtagarður á bakka bæjarlækjarins.[13] Þessi mannvirki í bæjarstæðinu eru horfin en á gömlum ljósmyndum sem varðveittar eru í einkasafni fjölskyldunnar að Kletti sést að torfbærinn hefur snúið framgöflum austur að firðinum. Hann stendur enn á mynd frá árinu 1936 en á annarri mynd sem var tekin tæplega tuttugu árum síðar sést hins vegar að nýr bær er að rísa. Þar er syðsta burstin ein uppistandandi af gamla bænum og í stað nyrðri bursta er komið nútímalegra íbúðarhús, fyrsti hluti bæjarins sem

[13] *Túnakort Kletts í Gufudalshreppi*, 1920.

stendur að Kletti núna. Gamli bærinn var því tekinn niður smám saman og nýr byggður í sama stæði. Byggingarframkvæmdir stóðu yfir árin 1954-1955.[14]

Bærinn stendur nú í fallegu túnstæði í brekku upp frá botni vestanverðs Kollafjarðar og hefur bæjarstæðið augsýnilega haldist þar frá því á 19. öld þannig að leifar eldri bygginga gætu leynst undir núverandi bæ. Óvíst er hins vegar hvort bærinn hafi staðið nákvæmlega þarna frá öndverðu en miðað við heimildir hefur jörðin verið byggð í um 800 ár. Bæjastæði eru oft á sömu slóðum þótt hús séu endurbyggð en einnig er þó algengt að þau séu færð örlítið til.

Þess má geta til gamans að reynt hefur verið að tengja Klett bæjarrústum við mynni Frakkadals, vestan Frakkadalsár inn af botni Kollafjarðar. Rústirnar sem í yngri heimildum hafa verið nefndar Frakkastaðir eru í landi Kletts.[15] Í *Þorskfirðinga sögu* er reynt að skýra nafn dalsins með því að setja þar niður bræður sem heita hinum ævintýralegu nöfnum, Frakki og Bljúgur, synir Helga að Hjalla.[16] Giskað hefur verið á að Klettsbærinn hafi upphaflega staðið á þessum slóðum en síðar verið fluttur í skjól Bæjarhlíðar.[17] Þetta er þó allsendis óvíst og er alveg eins líklegt að fyrstu ábúendurnir að Kletti hafi valið sér bæjarstæði undir hlíðinni.

### Lambhús [2996-103] hóll og garður [2996-104] garðlag − matjurtagarður

Á túnakorti er aflangt útihús með stefnu nokkurn veginn norður – suður sýnt norðaustan bæjarins.[18] Að sögn Hrafnhildar Haraldsdóttur var þarna lambhús og hefur hún það eftir föðursystur sinni. Húsið sést úr fjarlægð á gamalli ljósmynd í eigu fjölskyldunnar. Lambhússtæðið er í norðurenda Hólsins, náttúrulegs hæðarbakka efst í túnbrekku, og má greinilega sjá bungu eða svolítinn hól, um 4x4 m að stærð, þar sem tóftin hefur verið. Hann er 0,5-1,6 m að hæð, hæstur að norðanverðu. Halli er á túninu í norður og suður. Ekki sér fyrir veggjum en norðan í hólnum glittir í grjót. Syðri endi fjárhússins hefur verið sléttaður í túnið og nú stendur þar lítil rétt úr timbri.

[14] Finnbogi Jónsson, 2014, 446.
[15] Kålund, 1985, 147; Ö-Klettur, 4-5.
[16] *Íslenzk fornrit*, XIII, 1991, 208.
[17] Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson, 2012, 167.
[18] *Túnakort Kletts í Gufudalshreppi*, 1920.



**Mynd 10. Horft suðvestur að Hólnum þar sem lambhús [103] stóð. Bunga frá tóftinni h.m.**



**Mynd 11. Þessi hóll geymir leifar af lambhúsi [103].**

Garðlag liggur um 15 m í austurátt niður frá hólnum, alveg yfirgróið grasi og nokkuð útflatt og þýft, um 1 m að breidd og 0,5-1 m að hæð. Ekkert hleðslugrjót er sýnilegt og hefur þessi garður því annað hvort eingöngu verið hlaðinn úr torfi eða að grasgróðurinn hylur grjótið. Mjög þýft er á svæðinu sunnan garðsins, þ.e. í hallanum niður frá hólnum en þarna var áður matjurtagarður samkvæmt Hrafnhildi.

Þessar minjar hafa lítið gildi nema í samhengi við minjaheildina á svæðinu. Þær eru rétt innan við vesturmörk lóðar D1 á skipulagssvæðinu en alllangt frá sjálfum byggingarreitnum og ætti þeim að vera óhætt.



**Mynd 12. Horft niður eftir garðlagi [104]. Matjurtagarður var þar sem nú er mjög þýft sunnan þess og virðist mega sjá útlínur hans t.h. á myndinni. Neðar er grjóttúngarðurinn [117].**

## Súrheystóft [2996-106] tóft og niðurgröftur [2996-107]

Austur af bænum og suður af lambhúshólnum [103] er tóft [106] ásamt niðurgrefti [107]. Mannvirkin eru byggð í halla utan í brún sömu brekku og lambhúsið stóð á og er skurður með

rennandi vatni fast sunnan við niðurgröftinn. Túninu hallar austur, niður í átt til sjávar. Brekkan myndar að hluta til veggina vestan megin.



**Mynd 13. Tóft [106] og v.m. sést niðurgröftur [107].**



**Mynd 14. Tóft [106]. Hleðslugrjót er sýnilegt í norðurveggnum.**

Tóftin er 4,5x4 m að stærð, 0,6-1 m að hæð og veggir um 1 m að breidd en hefur verið fyllt upp að innanverðu þannig að ásýndar líkist hún ólögulegri bungu. Mannvirkið er úr torfi og grjóti sem einkum er sýnilegt í norðurveggnum. Op er á austurgafli, væntanlega vegna þess að veggurinn þeim megin hefur hrunið fram í hallanum.

Samkvæmt Jóhannesi Haraldssyni var þarna súrheystóft og man hann eftir henni í betra ástandi: „Meðan við vorum á Kletti fram til 1975 var hún nokkuð djúp og við krakkarnir áttum í erfiðleikum að komast upp úr henni ef við fórum ofaní, nema við gátum smokrað tánum í glufur ofan á steinunum í vegghleðslunni, og notað sem tröppur og urðum að ná handartaki í grasið uppi á veggnum. Hún var þá mjög heilleg og há. Austurveggurinn var minnst mannhæð að utan og ógurlegt bjarg fyrir okkur minnstu krakkana. Veggirnir voru örugglega upp í 80 cm breiðir. Þá, 1975, og seinna, 1991 og síðar, var hún notuð sem sorphaugur. Þangað var farið með ruslið sem var sem betur fer mest matarleifar. Umbúðafarganið var ekki komið til sögunnar þá, en oft var samt kveikt í. Eftir 1991 þegar hún fylltist sturtuðum við mold ofaní hana til að hylja ruslið.“

Súrheystóftin sést ekki á túnakorti og er ef til vill ekki mjög gömul en gæti þó verið hundrað ára. Hún hefur minjagildi sem hluti af minjaheild svæðisins. Tóftin er rétt innan vesturmarka lóðar D1 en alllangt frá byggingarreitnum og ætti því ekki að vera í hættu.



**Mynd 15. Niðurgröftur [107] fast við suðurvegg tóftar [106].**

Við tóftina sunnanverða er annað ferhyrnt mannvirki [107], 3,5x3,5 m að stærð og hæð frá botni að innanverðum veggjabrúnum 0,6-0,7 m. Þarna virðist vera um niðurgröft að ræða fremur en hlaðna veggi og staðfestir Jóhannes það: „Þessi uppgröftur er eftir mig. Gert með traktorsgröfu til að reyna að gera nýja ruslaholu (sem ekki tókst, því það er stutt á klöpp) og fá mold ofan á þá gömlu. Sorphirðumálin voru öðruvísi 1991 en í dag. Ekkert okkar systkinanna man eftir neinum ummerkjum um mannvirki í kringum súrheystóftina. Hún stóð algjörlega ein á berangrinum og afi sló allan Hólinn með orfi og ljá.“

Fast við suðvesturhorn niðurgraftar [107] er auk þess annar lítill niðurgröftur með lífrænum nútímaúrgangi sem greinilega er ekki gamall. Niðurgreftirnir teljast ekki til fornleifa.

### Brunnur [2996-114] og lokræsi [2996-138] heimild

Norðaustan bæjar, miðja vegu milli hans og lambhúss [103] var áður brunnur að sögn Hrafnhildar. Telur Jóhannes hann hafa verið ofan á gömlu lokræsi sem er þarna undir túninu: „Það nær frá svæðinu fyrir ofan veginn heim að bænum, og til suðausturs niður á Hólinn ofan (vestan) við súrheystóft [106], allavega 30-40 metra langt. Lækur sem rennur niður með niðurgrefti [107] kemur mest allur úr þessu lokræsi ásamt smávegis drenvatni frá húsinu. Við vitum ekki til að sett hafi verið nútíma rör í veginn heim að húsinu, heldur sé lokræsið eini vatnsgangurinn undir heimreiðina. Vatnið sem kemur undan grjóthrúgunni [102] upp í norðvesturhorninu fer allt um þetta lokræsi.“ Engar minjar sjást um brunninn og lokræsið á yfirborði.

### Fjárhús – hesthús [2996-105] tóft

Á túnakorti 1920 er sýnd aflöng bygging með stefnu norður – suður, fast sunnan við bæjarlækinn.[19] Þarna voru fjárhús og eru tóftirnar enn vel varðveittar ofan á náttúrulegri klettahæð. Nyrst eru tvö rými með stefnu vestur – austur og liggja þvert fyrir norðurendum fjárhúsanna sem ganga suður út frá þeim.

Nyrsta rýmið er hlaðið á norðurbrún hæðarinnar og er best varðveitt. Veggir ná 1-2 m hæð og er utanverður norðurveggur hæstur. Þeir eru um 1 m að breidd, mestir um sig neðst en mjókka

[19] *Túnakort Kletts í Gufudalshreppi*, 1920.

upp, hlaðnir úr torfi og grjóti. Grjóthleðslurnar eru mjög greinilegar og ágætlega varðveittar nema hvað einungis neðsta innbrún er eftir af innanverðum austurvegg og virðist grjótinu úr honum hafa verið hrúgað upp í næsta rými við hliðina. Sylla er hlaðin meðfram öllum innanverðum norðurvegg, um 0,4 m að breidd og 0,7 m að hæð. Inngangur í þetta rými er úr miðrými sem skilur það frá fjárhúsunum.



**Mynd 16. Fjárhús [105] ásamt hlöðu og hesthúsi á gróinni klettahæð við bæjarlækinn.**

Miðað við hve varðveislan er góð gæti þetta rými eða hús verið byggt síðar en syðri rýmin eða kannski hefur það verið endurhlaðið. Systkinin muna eftir húsinu í notkun fram um 1975 og þá var tyrft bárujárnsþak á því. Hestar voru hafðir í húsinu og heystallur á syllunni. Þegar fjölskyldan kom aftur að Kletti árið 1991 rifu þau hrunið þakið af tóftinni og fjarlægðu spýtna- og járnarusl. Seinna gerðu svo börnin í fjölskyldunni sér bú í tóftinni.



**Mynd 17. Hesthús á norðurenda fjárhúsa [105].**



**Mynd 18. Horft vestur yfir hesthústóft. Heystallur sést við vegginn h.m.**

Miðrýmið er um 7,5x4,5 m að stærð og hefur þar líklega verið hlaða, næst fjárhúsunum. Þessi tóft er opin í austur og sjást engar veggjaleifar en þar gæti hafa verið timburgafl.



**Mynd 19. Inngangur úr miðrými í endarýmið.**

Sjálf fjárhúsin eru um 11x10 m að stærð en hafa hrunið meira. Þau eru líka hlaðin úr torfi og grjóti en öll grónari. Útveggurinn að austanverðu er varðveittur upp í 0,7 m hæð að innan en 1 m að utan og er hleðslugrjót greinilegt en aðrir veggir ná varla meira en um 0,3 m að hæð. Vestri útveggurinn er útflattur og brúnir mjög ógreinilegar. Veggjabreidd er um 1 m. Greina má lágan skilvegg milli fjárhúsanna en auk þess virðast þau vera byggð á stöllum í hæðinni þannig að eystra fjárhúsið liggur hærra en hið vestra og er um 0,8 m hæðarmunur milli gólfa. Torf- og grjóthlaðnir garðar sem liggja eftir endilöngum gólfum eru ágætlega varðveittir og ná um 0,7 m hæð. Mjög þýft er í tóftunum, líklega vegna hruns frá veggjum og þaki.

Fjárhúsin hafa nokkurt minjagildi. Þau eru inni á skipulagssvæðinu en utan byggingareita, staðsett austan við lóð E1 og ættu því ekki að vera í hættu vegna framkvæmda.



**Mynd 20. Horft suðaustur yfir fjárhús [105].**



**Mynd 21. Fjárhús [105] ásamt hlöðu og hesthúsi við norðurenda.**



**Mynd 22. Fjárhús [105].**

## Brunnhús [2996-108] heimild

Að sögn Hrafnhildar var brunnhús við lækinn beint norður undir hæðinni þar sem fjárhús [105] stóðu. Það er alveg horfið.

## Fjós – hrútakofi [2996-115] tóft

Handan eða norðan bæjarlækjarins, skáhallt á móti fjárhúsum og hesthúsi [105] sést annað útihús á túnakorti.[20] Þarna er suðurendi Bergsins, annars náttúrulegs hæðarhjalla í landslaginu, og hallar landinu upp frá honum. Stór tóft er á brún hans, mjög yfirgróin en sýnilega hlaðin úr torfi og grjóti. Hún skiptist í nokkur rými og er hið stærsta austan í hæðinni, um 8x6 m að utanmáli. Hæð innanverðra veggja frá botni er mest um 1 m en

[20] *Túnakort Kletts í Gufudalshreppi*, 1920.

utanverður langveggur sunnan megin nær 1,6 m hæð. Veggjabreidd er um 1,5 m. Einungis sér í hleðslugrjót í innanverðum norðurvegg. Tóftin snýr vestur – austur og er inngangur á austurgafli.



**Mynd 23. Vegghleðsla í utanverðum suðurvegg fjóstóftar [115].**

Út af vesturgafli ganga þrjú samliggjandi minni rými, samtals um 11x5 m að utanmáli, hið nyrsta minnst en hið syðsta stærst. Inngangur virðist vera á vesturvegg í miðrýmið og þaðan innangengt í hin rýmin til beggja hliða. Veggjahæð er 0,3-0,7 en útveggurinn sunnan megin er best varðveittur, nær mestri hæð og sést hleðsla úr grjóti í honum utanverðum. Aðrir veggir eru lægri, hrundir og útlínur ógreinilegar. Mjög þýft er í tóftunum og milliveggina má einungis greina sem röð þústa. Mögulega hafa þetta verið básar í fjósi og hefur hlaðan þá verið í stærra rýminu austan megin. Að sögn Hrafnhildar var þó alltaf talað um þetta sem hrútakofa en einungis tóftirnar voru eftir í tíð þeirra systkina.

Tóftirnar hafa nokkurt minjagildi. Norðausturhornið á lóð E1 rétt nær yfir tóftina miðað við skipulagsuppdrátt en sjálfur byggingarreiturinn er hins vegar staðsettur hinum megin við lækinn og henni ætti því ekki að vera hætta búin.



**Mynd 24. Horft suðaustur yfir bása fjóssins [115]. Handan lækjarins sést hesthús [105].**



**Mynd 25. Horft suður yfir stærra rýmið eða hlöðuna í fjósi [115].**



**Mynd 26. Horft framan á fjóshlöðuna [115]. Hér sést inngangur.**



**Mynd 27. Hér var brunnhús [108].**

## Útihús [2996-116] tóft

Tóft frá útihúsi er norðvestan við fjós [115] í þýfðu túni á Berginu. Svolítill aflíðandi halli er á landinu í austur og suður og seytla lækjartaumar sín hvoru megin við tóftina og allt í kring þannig að þarna er nánast mýrlendi. Svo þarf þó ekki að hafa verið meðan útihúsið var í notkun. Tóftin sjálf stendur á þurru. Hún er um 4x3 m að utanmáli, breidd veggja um 0,5 m og hæð 0,3-0,7. Tóftin er grafin inn í náttúrulegan bakka sem að hluta myndar norðurgaflinn. Hleðslugrjót er sýnilegt í innanverðum veggjum nema veggnum fyrir suðurgafli sem er lægri en hinir og nær einungis 0,3 m hæð. Ef til vill hefur þar verið timburgafl. Inngangur er við suðausturhorn tóftarinnar, á sunnanverðum austurvegg.

Tóftin er nokkuð vel varðveitt og greinileg og hefur nokkurt minjagildi. Hún er innan skipulagssvæðisins en fjarri byggingalóðum og er fremur í hættu vegna mýrlendis en vegna byggingaframkvæmda.



**Mynd 28. Horft suðaustur yfir útihús [116]. Lengra frá er fjós [115] t.v., fjárhús [105] t.h.**



**Mynd 29. Horft norður yfir tóft [116]. Lækir renna allt í kring.**

## Garður – útihús? [2996-111] garðlag − þúst

Í túninu neðan hæðarhryggjarins eða klettahjallans sem fjós [115] stendur á, norðvestan bæjarins, liggur garðlag í sveig frá vestri til austurs. Sunnan við það er slétt slegið tún en norðan megin þýft og ójafnt. Garðurinn er 53 m langur, 0,5-0,7 m að hæð og allt að 2 m að breidd, nokkuð hruninn. Hann er að mestu leyti yfirgróin grasi en sér þó fyrir stóru hleðslugrjóti í vesturendanum og einnig í bungu í austurenda. Austast beygir hann í suður og endar í aflangri bungu eða þúst. Hún er um 7x3 m að stærð en ekkert tóftarlag er á henni og þetta gæti verið hluti af veggnum en þarna gæti þó líka hafa staðið útihús. Garðurinn hefur nokkurt minjagildi en er töluvert frá byggingareitum og ætti því ekki að vera í hættu.



**Mynd 30. Horft austur eftir garði [111]. Grjót er í vesturendanum.**



**Mynd 31. Garður [111] sveigir suður og endar í þúst eða mögulega tóft (fremst á mynd).**



**Mynd 32. Er tóft í þessari þúst [112]?**

## Útihús? [2996-112] þúst

Í þýfðu túninu norðan við sveiglaga garðlagið [111], vestan við vírgirðingu, er önnur bunga [112] eða þúst, um 4x4 m að stærð og 0,5 m að hæð, og gæti þar líka mögulega verið tóft. Ekki sér fyrir veggjum en greina má grjót og spýtnarusl sem gefur til kynna að að þetta sé ekki mjög gamalt. Þessi þúst hefur lítið minjagildi og er utan byggningalóða. Hér ætti því ekki að vera hætta.

## Útihús [2996-110] tóft

Í þýfðu túninu norðan við vesturenda sveiglaga garðs [111] leynist lítil tóft, um 2,5x2 m að stærð, líklega frá einhverju útihúsi. Hún rennur nánast saman við umhverfið en er örlítið grænni og mótar fyrir lágum veggjum, einungis 0,1 m háir að utan en 0,3 m að innan en botninn er lægri en túnið í kring. Inngangur hefur líklega verið á vesturvegg. Tóftin hefur lítið minjagildi. Hún er á suðurmörkum lóðar C1 og gæti lent undir bílaplani. Hér er því hætta á ferðum.



**Mynd 33. Lítil útihústóft [110] í túninu norðan við sveigmyndaða garðinn [111].**

## Óþekkt [1996-113] tóft?

Norðan við sveiglaga garðinn [111] og tóft [110] verður hækkun í landslaginu og mótar óskýrt fyrir einhverju sem gæti verið tóft eða húsgrunnur. Stærðin er um 8x4 m og stefnan vestur – austur. Þarna virðast vera veggir og má greina útlínur á öllum hliðum nema hvað norðausturhornið rennur nánast saman við túnið. Ef þetta eru veggir ná þeir vart meira en 0,1-0,2 m hæð. Túnið er mjög þýft á þessu svæði sem er þó nokkuð flatt og að því leyti er þarna ókjósanlegt stæði til bygginga. Halli er niður frá svæðinu í austur og suður.

Óljóst er hvort þetta sé manngert eða náttúrulegt en ef um eiginlega veggi er að ræða gætu þarna mögulega verið gamlar minjar. Suðvesturhornið á byggingarreit C1 fer yfir þetta svæði sem er því í hættu.



**Mynd 34. Þarna virðist vera tóft [113]. Horft norðvestur.**



**Mynd 35. Gömul ógreinileg tóft? [113].**



**Mynd 36. Horft suðaustur yfir mögulega tóft [113].**



**Mynd 37. Upphækkun í túninu og þar sem mögulega er tóft [113].**

### Útihús? [2996-102] tóft – túnahreinsun

Norðvestan bæjarins, rétt innan við grjóthlaðna túngarðinn [117] sem girðir bæjartúnið að norðan er aflöng tóftarlaga hólbunga eða manngerð upphækkun í þýfðu túninu. Stefnan er norður – suður og stærðin um 8,6x4,6 m, hæð veggja 0,2-0,6 m og breidd 1 m. Grjóthnullungar virðast mynda einfaldar veggjalínur eða liggja að minnsta kosti í röð. Mikið grjóthröngl er þó í tóftinni, einkum sunnan megin þannig að efast má um hvort um eiginlega tóft sé að ræða þótt þetta sé greinilega manngert.

Jóhannes segir: „Þarna man ekkert okkar eftir að hafa heyrt talað um tóft, en allir muna eftir þegar verið var að sturta grjótinu sem rogast var með upp í dráttarvélaskófluna þarna, og víðar. Þegar dráttarvél með ámoksturstækjum kom þá var hægt að takast á við stærri og stærri steina en grjótið kom endalaust upp úr túninu. Það var öll vor verið að reyna að ná stórgrýti upp, því það skemmdi svo hnífana í sláttuvélunum. Stærstu steinarnir náðust ekki upp í skófluna og vélin réð ekki við þá, var þeim þá ýtt og velt með böðulgangi í átt að grjóthrúgunni. Þess vegna mynda þeir krans utan um hrúguna. Svo var smærra grjótinu sturtað inní.  Svona hrúgur eru á nokkrum stöðum í túninu. En hvort heldur er, þá stendur ekkert til að hrófla við grjóthrúgunni.“

Miðað við þessa lýsingu er ekki ástæða til að hafa áhyggjur af mannvirkinu. Grjóti gæti mögulega smám saman hafa verið hrúgað upp í tóft sem þarna hefur verið fyrir en það er óvíst. Náttúruleg uppspretta kemur fram undan hólbungunni og mjög þýft og ójafnt er í túninu fast vestan við hana. Grjóthrúgan hefur lítið minjagildi. Hún er fast upp við byggingareit C1.



**Mynd 38. Horft suður yfir tóft [102].**



**Mynd 39. Náttúruleg uppspretta kemur upp við tóft [102]. Fjær sést túngarðurinn [117].**

### Útihús [2996-120] tóft og gerði [2996-119] aðhald

Sunnan bæjarins, vestan við akstursspor þar sem það sveigir austur, er tóft [120] frá útihúsi sem hefur verið byggt utan og norðan í náttúrulegri grasi gróinni hæð. Tóftin er alveg fyllt upp og sést í bárujárnsrusl. Hún rennur því saman við hæðina og ber lítið á henni. Stefnan er vestur – austur og stærðin um 6x4 m, veggir um 1 m að breidd, varðveittir upp í 1-1,5 m hæð. Byggingarefnið hefur verið torf og grjót og eru grjóthlaðnir veggir sýnilegir vestan og austan megin. Suðurveggurinn er byggður upp við hæðina sem hefur myndað stuðning. Inngangur hefur verið á austurvegg við norðausturhorn mannvirkisins.

Að sögn Jóhannesar var húsið í ábúðartíð fjölskyldunnar með tyrfðu bárujárnsþaki. Það stóð uppi fram um 1975 en var hrunið þegar fjölskyldan kom aftur að Kletti árið 1991. Þá var hrunið þakið rifið af tóftinni til að ná járnaruslinu og spýtnabrakinu burtu og hún hlaut sömu örlög og súrheystóftin [106]: Brennt var í henni rusl og mold að endingu mokuð yfir til að hylja. Tóftin er sennilega ekki mjög gömul og hefur lítið minjagildi. Hún er talsvert frá byggingalóðum og ætti ekki að vera í hættu.



**Mynd 40. Tóft [120] er bungan t.v. og hringlaga gerðið [119] sést nokkru fjær t.h. ofan á hæðinni.**

Á hæðinni beint fyrir ofan tóftina, sunnan hennar, er önnur tóft [119] eða nánast hringlaga gerði. Það er um 6,5x6,5 m að stærð og opnast suður. Veggir ná einungis 0,1-0,3 m hæð, eru um 1 m að breidd, fletjast út til hliðanna og renna saman við þýfða hæðina. Ekki er ljóst

hvaða tilgangi þetta mannvirki hefur þjónað en það hefur lítið minjagildi. Það er töluvert frá byggingareitum og ætti ekki að vera í hættu.



**Mynd 41. Tóft [120]. Inngangur er milli steinanna.**



**Mynd 42. Gerði [119] er illgreinanlegt í þýfðu túninu.**



**Mynd 43. Gamli matjurtagarðurinn [118] hlaðinn upp við suðurtúngarðinn.**

## Kartöflugarður [2996-118] matjurtagarður

Á túnakorti frá 1920 er matjurtagarður sýndur við innanverðan suðurtúngarð.[21] Hann er enn varðveittur með svipaðri lögun og er stundum kallaður gamli kartöflugarðurinn. Garðurinn snýr vestur – austur og liggur meðfram túngarðinum sem myndar girðingu sunnan megin. Veggir eru um 0,5 að breidd og 0,3-0,6 að hæð. Garðurinn er niðurgrafinn og er hæð veggja mest í vesturenda en hlaðinn garður er þó greinilegastur meðfram norðurlanghliðinni og nær suðurendi hans lengra út á hæðarenda, út fyrir vírgirðingu sem strengd hefur verið kringum garðinn. Norðan við matjurtagarðinn er hæðin með gerði [119]. Garðurinn er enn í notkun og á sér því meira en hundrað ára lifandi sögu. Hann hefur nokkurt minjagildi. Þessi garður er fast sunnan við lóð E1 en lengra frá sjálfum byggingareitnum og ætti því að vera óhætt.

[21] *Túnakort Kletts í Gufudalshreppi*, 1920.



**Mynd 44. Kartöflugarður [118]. Hlaðið garðlag norðan megin.**

## Túngarður [2996-117] garðlag

Á túnakorti árið 1920 er allt bæjartúnið umgirt túngarði.[22] Þessi túngarður er enn varðveittur tiltölulega heillegur og virðist liggja eins og á kortinu nema hvað hann hefur færst utar að vestanverðu en þeim megin hefur mætt mest á honum vegna ágangs vatns úr hlíðinni fyrir ofan. Norðan megin er enn fallega hlaðinn grjótgarður sem beygir í suður og nyrsti kafli vesturgarðsins er líka grjóthlaðinn. Heimkeyrslan að bænum liggur gegnum norðurvegginn nokkru fyrir vestan miðju og annað rof er á honum þegar austar dregur vegna gamals akstursvegar inn á túnið. Þar hefur grjóti úr garðinum verið hrúgað saman. Á nokkrum stöðum er gaddavír strengdur þversum yfir hann.

[22] *Túnakort Kletts í Gufudalshreppi*, 1920.



**Mynd 45. Grjóthlaðni túngarðurinn [117] vestan túns (fremst) og norðan (fjær).**



**Mynd 46. Grjóthlaðni túngarðurinn [117].**

Grjóthlaðni garðurinn er 330 m að lengd norðan megin og nær auk þess 87 m í suður vestan megin. Hann er minnst 0,3 m að hæð en um miðbikið er víða einungis eftir einföld steinaröð og eru þar stórir grjóthnullungar. Víðast hvar nær grjótgarðurinn þó meiri hæð, mest um 1 m,

og best varðveittir eru vestri og eystri hlutarnir. Þar er hann breiðari neðst en mjókkar fagurlega upp með minna hleðslugrjóti og má sjá allt að 7 umför af hleðslugrjóti.



**Mynd 47. Grjóthlaðni túngarðurinn [117] norðan túns.**

Eftir nyrsta grjóthlaðna hlutann í garðinum við vesturtúnjaðarinn breytist hleðsluefnið og síðan er allur túngarðurinn bæði á vestur- og suðurjöðrum alveg yfirgróinn grasi þannig að freistandi er að lýsa honum sem torfvegg. Hleðslugrjót sést mjög óvíða en gægist þó fram á stöku stað sem gefur vísbendingu um að eitthvert grjót hafi líka verið haft í hleðsluna. Vestan við túngarðinn hallar landinu upp og er fjallið fyrir ofan en vatn rennur víða niður úr hlíðunum. Garðinum hefur greinilega verið ætlað að verja túnið fyrir vatnsganginum og gerir það enn að nokkru leyti því vatnið er leitt suður og síðan austur meðfram honum utanverðum og blautlendi er á köflum utan við vesturgarðinn. Þetta hefur því verið mikilsvert varnarmannvirki þótt einhvað af vatninu hafi sloppið inn fyrir garðinn núna eins og sjá má kringum tóft [116].

Bæjarlæknum hefur hins vegar verið hleypt undir innbyggða steinbrú í túngarðinum og er það einn af þeim stöðum þar sem sér í hleðslugrjót. Garðurinn slitnar þó sundur nokkru sunnar þar sem annar lækur rennur í gegn og sameinast bæjarlæknum.



**Mynd 48. Steinbrú yfir bæjarlækinn, byggð inn í vesturtúngarðinn [117].**

Torfhlaðni vesturgarðurinn er nokkuð vel varðveittur, um 220 m að lengd, 0,6-1 m að hæð og 0,5 að breidd. Handan við rof lækjarins beygir hann suðaustur og er næsti kafli meira samfallinn og útlínur óreglulegri en á vesturgarðinum. Hann er um 1 m að breidd og 0,5 m að hæð. Austar verður hann aftur stæðilegri og nær allt að 1 m hæð. Eitt op er á honum skömmu áður en komið er að kartöflugarðinum [118]. Garðurinn heldur síðan áfram nokkuð austur fyrir kartöflugarðinn, fer lækkandi og á síðasta kaflanum sést í grjót.



**Mynd 49. Torfhlaðni túngarðurinn [117].**

Heildarlengd torfgarðsins er 630 m en austasti hlutinn hefur horfið miðað við túnakortið. Torfgarðurinn hefur verið nýttur sem girðingarstæði því gömul gaddavírsgirðing er í honum vestan megin og við kartöflugarðinn sunnan megin. Jóhannes segir: „Í okkar barnatíð var stauragirðing ofan á grjótgarðinum og torfgarðinum að stórum hluta. Mest norðan og vestan túns. Við rifum hana að mestu niður eftir að við komum aftur 1991. Staurarnir stóðu upp úr grjóthleðslunni miðri og allavega 2-3 gaddavírsstrengir á þeim. Það var hellings vandaverk að plokka staurana upp úr grjótinu án þess að hrinda til hleðslunni í garðinum.“



**Mynd 50. Torfhlaðni túngarðurinn [117], samfallnari þegar dregur í suðaustur.**



**Mynd 51. Grjót í austasta hluta túngarðsins á kafla þar sem hann er lágur.**

Túngarðurinn allur er heilmikið mannvirki sem hefur ótvírætt minjagildi, einkum þó grjótgarðurinn að norðan og vestan og vesturhluti torfgarðins sem er best varðveittur. Mest gildi hefur túngarðurinn þó auðvitað sem heild.

Lóð C1 liggur yfir norðvesturhorn grjótgarðsins en sjálfur byggingareiturinn er um 7 m fyrir innan hann. Lóð D1 nær fast að eystri hluta grjótgarðsins og lóð E1 þétt að suðvestanverðum torfgarðinum. Segja má að túngarðurinn rammi inn miðhluta skipulagssvæðisins. Þeir hlutar hans sem eru nálægt byggingareitum eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Landeigendur eru þó meðvitaðir um gildi minjanna, vilja gæta varúðar og hafa mikinn áhuga á að varðveita túngarðinn.

### Garður [2996-135] garðlag

Um 38 m langur torfgarður liggur beint austur að sjó norðan megin á Ytri-Vogatanga, sunnan Vogarins sem sker bæjartúnið. Garðurinn er breiðari neðst og mjókkar upp svipað og torftúngarðurinn [117], um 0,5 m að breidd og nær mest 0,8 m hæð. Hleðslugrjót er ekki sýnilegt, nema ef til vill í vesturendanum.



**Mynd 52. Garður [135] nær niður að fjöru.**

Miðað við túnakortið hefur túngarðurinn áður náð alla leið að austurenda þessa minni garðs sem er þó ekki sýndur á kortinu. Samkvæmt Sæmundi Brynjólfssyni, ábúanda að Kletti 1927-1960, náði túnið ekki eins og langt niður að Voginum áður[23] og virðist því líklegt að þessi garður hafi verið hlaðinn síðar sem eins konar framhald túngarðsins út á nesið. Hann er því líklega á mörkum þess að vera 100 ára gamall en hefur gildi sem hluti minjaheildarinnar á svæðinu. Þessi garður er norðan við lóð F2, en í hæfilegri fjarlægð og ætti að vera óhætt.

## Leið [2996-121] gata

Götuslóði eða stígur liggur meðfram norðanverðum garði [135] niður í fjöru á Ytri-Vogatanga og sjást raunar tvö samhliða spor á kafla. Gatan endar hjá nausti [122] og uppsátri [123]. Hún hefur aðallega gildi sem hluti minjaheildarinnar en er utan byggingareita og ekki í hættu.



**Mynd 53. Gata [121]. Greina má tvo samhliða slóða meðfram garði [135].**

[23] Ö-Klettur, 7.

## Naust [2996-122] tóft og uppsátur [2996-123] dæld

Í fjörunni á Ytri-Vogatanga eru minjar sem gætu tengst sjónum. Þar er um 6,4x5 m stór tóft frá byggingu sem hefur verið hlaðin úr grjóti. Einungis eru þó eftir einfaldar raðir af steinum á vesturgafli, norður- og suðurhliðum. Veggir eru um 0,7 að breidd og 0,1-0,3 m hæð. Tóftin snýr vestur – austur og opnast austur að firðinum. Ef til vill hefur hún verið þannig gerð frá upphafi en sjórinn flæðir augsýnilega alveg að henni á flóði og gæti líka hafa hrifsað austurgaflinn með sér. Nokkuð grjóthrun er inni í tóftinni og utan með vesturgafli. Innan í suðvesturhorni eru leifar af einhvers konar járnfestingu, kannski fyrir bát, og gæti þarna hafa verið naust. Fast sunnan við tóftina er svolítil aflöng dæld, mögulega far eftir bát sem dreginn hefur verið á land. Þessar minjar hafa aðallega gildi í tengslum við heildina á svæðinu. Þær eru utan byggingareita og ekki í hættu vegna framkvæmda heldur frekar vegna nálægðar við sjó.



**Mynd 54. Sjórinn flæðir alveg að nausti [122].**



**Mynd 55. Uppsátur [123]. Þarna gæti verið far eftir bát sem dreginn hefur verið á land.**

## Sjóvarnargarður – túngarður [2996-127] garðlag og byrgi [2996-125 / 126] tóftir

Samkvæmt túnakortinu er allt túnið umgirt samfelldum garði. Túnið nær nú lengra fram, alveg niður að sjávarbakka við Voginn milli Innri- og Ytri Vogatanga. Liggur vogurinn upp í túnið og rennur bæjarlækurinn út í hann. Þarna er enn varðveittur fallega grjóthlaðinn sjógarður sem liggur ofan frá Ytri-Vogatanga og norður niður í átt að austurenda grjóthlaðna norðurtúngarðsins [117]. Garðarnir ná þó ekki saman heldur eru tengdir með skurði ásamt uppmoksturshrygg.

Sá hluti sjógarðsins sem hefur varðveist er 0,3-1,2 m að hæð. Í syðri endanum þar sem hann liggur upp brekkuna á Ytri-Vogatanga er hann nokkuð samfallinn og nær lítilli hleðsluhæð. Norðanvert, á þeirri hlið sem snýr að sjónum, er hæðin hins vegar meiri enda hefur garðurinn væntanlega verið hlaðinn sem vörn fyrir túnbakkann sem nær nú alveg fram að honum og raunar lengra út á tangana beggja vegna. Bæjarlækurinn rennur í gegnum hleðsluna og virðist hafa rutt einhverju grjóti fram. Á ljósmynd af garðinum sem tekin hefur verið á síðari hluta 20. aldar og er varðveitt á bænum að Kletti virðist hins vegar mega sjá steinbrú yfir lækinn, innbyggða í hann, svipað og á vesturgarði túngarðsins [117]. Hún hefur þó hrunið síðan myndin var tekin.



**Mynd 56. Gömul ljósmynd af sjóvarnargarðinum. Úr einkasafni fjölskyldunnar að Kletti.**



**Mynd 57. Sjóvarnargarður [127] eins og hann lítur út núna.**



**Mynd 58. Sjóvarnargarðurinn [127].**



**Mynd 59. Sjóvarnargarður [127] liggur suður upp á Ytri-Vogatanga.**



**Mynd 60. Horft niður á sjóvarnargarðinn [127] og fjöru í Voginum.**

Tvær tóftir eru hlaðnar upp við þennan garð sín hvoru megin bæjarlækjarins og myndar hann austurvegg fyrir báðar. Fast sunnan lækjarins er nokkuð ferhyrningslaga grjóthlaðin tóft [125], um 3,4x2m að stærð, veggjabreidd um 0,5 m og hæð 0,2-0,6. Inngangur er ógreinlegur en hefur hugsanlega verið við norðvesturhornið á vesturvegg og snúið frá sjónum. Við sama horn er einhvert járnprik eða járnrusl. Tóftin hlýtur að vera af einhvers konar geymslu eða byrgi, kannski fyrir fisk. Hinum megin frá austurhlið sjógarðsins virðist hafa legið vegghleðsla um 3 m í austur beint á móti suðurvegg tóftarinnar. Einungis er eftir einföld röð af grjóti.

Við nyrðri enda sjóvarnargarðsins, þar sem hann endar nú, er önnur tóft [126], um 6x5 m að stærð. Hún er hlaðin inn í túnbakkann og liggur veggur vestur út frá sjógarðinum og síðan í sveig suður en tóftin er opin í þá átt. Hæð veggja er 0,2-0,6 m og breiddin um 0,5 m. Hleðslugrjót er vel sýnilegt í vesturvegg en þetta mannvirki hefur auk þess verið hlaðið úr torfi. Væntanlega hefur þarna líka verið byrgi eða skýli.

Þessi mannvirki hafa nokkurt minjagildi. Þau eru í hættu vegna nálægðar við sjó fremur en vegna byggingaframkvæmda. Lóð D2 verður samkvæmt skipulagi í hæfilegri fjarlægð uppi í túninu vestan við minjarnar.



**Mynd 61. Horft vestur yfir tóft [125] sem líklega er af byrgi.**



**Mynd 62. Tóft [125]; horft suður.**



**Mynd 63. Tóft [126] byggð upp við innanverðan sjóvarnargarðinn [127].**



**Mynd 64. Tóft [126] úr torfi og grjóti.**

## Garður [2996-124] garðlag



**Mynd 65. Garður [124]; torfgarður sem liggur austur frá skurði.**

Á grösugum þýfðum norðurbakkanum innst í Voginum, norðaustan við sjóvarnargarðinn [127] og austan skurðarins sem liggur norður frá honum, er vinkillaga garðlag. Torfgarður byrjar við skurðinn og stefnir beint austur, um 18 m langur. Grjót er ekki sýnilegt. Hann er um 1 m að hæð og svipaður að breidd. Við austurenda þessa garðs byrjar svo garður hlaðinn úr grjóti og torfi sem liggur um 18 m beint í suður. Hann er um 0,5 m að breidd og nær líka um 1 m hæð, − hæstur á austurhlið. Ofurlítið bil er á milli þessara garðlaga á horninu þar sem þeir liggja saman en líklega hafa þau myndað samfelldan garð þótt munur sé á hleðsluefninu.

Þetta mannvirki er sennilega yngra en sjóvarnargarðurinn [127], hlaðið eftir að túnið var ræktað svona langt fram og þá sem framlenging á honum. Með skurðinum á vesturhlið mynda garðarnir þó afmarkað svæði sem mjókkar í suður og er einungis opið í þá átt, út að Voginum. Skurðurinn er líklega yngri en á gamalli ljósmynd má sjá að milli sjóvarnargarðsins og grjóthlaðna garðsins [124] hefur verið timburgirðing sem tengdi þá saman. Að sögn

Hrafnhildar var þarna hlið sem hægt var að komast út um niður að Voginum. Á myndinni virðist svo einnig mega greina girðingu sem liggur ofan á grjótgarðinum [124].



**Mynd 66. Grjóthlaðni hlutinn af garði [124] liggur suður frá torfgarðinum.**

Garðarnir hafa nokkurt minjagildi sem hluti minjaheildarinnar á svæðinu. Þeir eru austan við lóð D2 en hæfileg fjarlægð á milli. Þeim gæti fremur stafað hætta af nánd við sjóinn en byggingaframkvæmdum en öldur flæða þó ekki svona langt inn.



**Mynd 67. Horft austur út á Voginn yfir sjóvarnargarð [127]. V.m. má greina girðingu úr timbri milli hans og garðlags [124]. Ljósmynd úr einkasafni fjölskyldunnar að Kletti.**

## Rétt [2996-109] tóft – garðlag



**Mynd 68. Horft austur eftir torfgarði og rétt [109]. Austurendi túngarðs [117] fremst t.h.**

Norðan við garðlag [124] er torfhlaðin rétt. Hún er eins og garðlagið staðsett á vel grasi grónum bakkanum á Innri-Vogatanga og er allt mjög þýft, bæði innan hennar og í kring. Réttin er um 20x10 m að stærð. Torfveggur eða torfgarður gengur austur frá skurði sem liggur þvert á hann. Þessi garður virðist nánast byggður sem framhald af grjóthlaðna norðurtúngarðinum [117] sem nær fram að skurðinum hinum megin. Meðfram vestasta hluta torfgarðsins er sylla, um 0,5 m að hæð, þannig að neðsta hleðslulagið í garðinum hefur verið breiðara. Syllan endar andspænis inngangi að sjálfri réttinni. Eystri hluti garðsins myndar síðan norðurvegg réttarinnar sem snýr vestur – austur en inngangurinn er á vesturvegg. Hæð veggja er 0,5-1,4 m og breidd um 1 m. Mestri hæð nær suðurveggurinn á 5 m kafla, 1,4 m að utan en 1 m frá botninum að innan. Garðurinn næst skurðinum er álíka hár en mjókkar síðan og lækkar á smá bili þar sem norðurveggur réttarinnar tekur við og hefur líklega hrunið þar.

Veggurinn er einnig rofinn eða samfallinn og útflattur í suðausturhorni réttarinnar. Grjót er hvergi sýnilegt en ef til vill hefur gróið yfir það. Hleðsluefnið hefur þó sennilega mestmegnis verið torf. Á ljósmynd af haustsmölun frá árinu 1957 sést að réttin var enn í notkun þá og hefur timburgrind verið sett ofan á torfveggina og var hún líka notuð til að hólfa réttina niður.



**Mynd 69. Rétt [109].**



**Mynd 70. Haustsmölun árið 1957. Hér sést að timbur hefur áður verið hluti af byggingarvirki réttarinnar [109]. Ljósmynd úr einkasafni fjölskyldunnar að Kletti.**

Réttin hefur nokkurt minjagildi, einkum í tengslum við minjaheildina á svæðinu. Líklega eru þessi mannvirki nokkru yngri en sjálfur túngarðurinn [117], byggð eftir að túnið var ræktað út

á tangann. Lóð D2 er fast austan og sunnan við minjarnar en sjálfur byggingareiturinn er fjær, alllangt vestan við skurðinn. Lóð D4 er fast norðan við þær en byggingareiturinn fjær. Minjunum ætti því að vera óhætt en fara þarf varlega. Þær eru nálægt fjörunni en sjór flæðir ekki að þeim.

### Leið [2996-134] gata

Við fjöruna austan réttar [109] má greina götuslóða sem liggur austur og norður, nokkuð frá sjávarbakkanum á Innri-Vogatanga og sveigir síðan norðvestur niður í fjöruna á tanganum norðanverðum. Hann hefur lítið minjagildi nema sem hluti af heildinni. Lóð D4 er vestan við hann en byggingareiturinn fjær. Götunni ætti því að vera óhætt.



**Mynd 71. Hleðslur [133] milli klappa.**

## Byrgi [2996-133] hleðsla

Gata [134] liggur beint austur fyrir svolítið mannvirki sem hlaðið er milli klappa norðaustan megin á Innri-Vogatanga. Þarna eru tvær litlar vegghleðslur að vestan og austan en klappirnar mynda norður- og suðurvegg. Óljóst er hvaða tilgangi þetta hefur þjónað en kannski hefur þetta verið byrgi þar sem legið hefur verið fyrir fugli. Hleðslurnar hafa svolítið minjagildi en eru fjarri byggingareitum þannig að þær eru ekki í hættu.



**Mynd 72. Vörðuleifar [132]. Tvær vörður voru á Inni-Vogatanga.**

## Vörður [2996-132] vörðubrot og [2996-136] heimild

Innri-Vogatanga er lýst sem kletti í örnefnalýsingu og voru þar tvær vörður sem að sögn Sæmundar Brynjólfssonar sem sjálfur hlóð þær upp voru „miðunarmerki við lendingu báts.“[24] Þessar vörður eru fallnar en einhverjar hleðsluleifar [132] eru á klöppinni norðvestan við hleðslu [133] og gæti þar verið vörðubrot. Það hefur þó lítið minjagildi og er auk þess fjarri byggingareitum og því ekki í neinni hættu.

[24] Ö-Klettur, 4, 8.



**Mynd 73. Vörðustæði [132] á Innri-Vogatanga.**

## Rétt [2996-129], leiðagarður [2996-131] garðlag og leið [2996-128] gata

Í örnefnalýsingu segir: „Efst í túni er klettur, nefndur Berg. Þar hafði verið kvíaból.“[25] Bergið er hjallinn sem tóftir [115] og [116] standa á og liggur grjóthlaðni túngarðurinn [117] fram af því í norðvesturhorni túnsins. Að sögn Jóhannesar og Hrafnhildar voru þau systkinin með búin sín, „heila sveit í blómlegri byggð“, á norðanverðu berginu þegar þau voru börn. Enn sjást fíngerðar raðir steina frá búunum við innanverðan túngarðinn en þau teljast þó ekki til fornleifa. Hins vegar man enginn eftir að hafa séð ummerki um kvíahleðslur utan í klettunum þarna. Jóhannes segir: „Bólið nefndist svæðið frá núverandi rörahliði á heimkeyrslunni, að gamla hliðinu þar sem heimreiðin fer gegnum grjótgarðinn norðan við húsið. Þar voru beljurnar mjólkaðar í okkar tíð á sumrin, hvað sem var með kvíaærnar áður. „Fram á Bóli“

[25] Ö-Klettur, 6.

stóð hjallurinn hans afa fram undir 1990, steinsteyptur með járnþaki.“ Þetta er þó horfið núna og auk þess ekki nógu gamalt til að vera fornleifar.

Það er augsýnilega ruglingur í örnefnalýsingunni að staðsetja kvíabólið við Bergið en kvíar og rétt eru töluvert norðar við Réttarkletta sem líka eru nefndir í örnefnalýsingu: „Upp með túninu innanverðu eru Réttaklettar og ofar er Réttarmýri.“[26] Klettarnir eru kenndir við rétt [129] sem hlaðin er upp við þá og örlítið vestar eru kvíarnar [130].



**Mynd 74. Rétt [129] hlaðin upp við hamravegg. Horft vestur.**

Um er að ræða fallega grjóthlaðna rétt sem er um 10x6 m að stærð og snýr vestur − austur. Hún er byggð á eins konar stalli upp við klettana sem mynda suðurvegginn og grjóthleðslurnar styðjast auk þess við náttúruleg klettabjörg á utanverðum hornum norðan megin. Veggir eru um 1 m að breidd og hæðin 0,7-1,6 m, minnst á vesturveggnum en mest á

[26] Ö-Klettur, 4.

utanverðum norðurvegg þegar staðið er fyrir neðan réttina. Innanvert ná veggirnir um 1 m hæð.



**Mynd 75. Rétt [129]. Horft austur.**

Kvíagata eða réttargata [128] liggur allt frá fjörunni við hina réttina [109] norðvestur og norður um skarð á Réttarklettunum en þegar gengið er niður skarðið er réttin á vinstri hönd, þ.e. vestan megin. Þar á austurvegg réttarinnar, næst hamraveggnum, er inngangur í réttina. Á móti innganginum, meðfram götunni austanverðri er 3 m langur veggur eða garðhleðsla [131] úr grjóti í framhaldi af hamraveggnum þeim megin. Hún nær um 1-1,2 m hæð. Líklega hefur þetta verið leiðagarður. Neðan við réttina heldur svo gatan áfram í norður.

Bæði réttin og leiðagarðurinn eru vel varðveittar og heillagar minjar sem tvímælalaust hafa mikið minjagildi. Minjarnar eru sunnan við lóð A1 en gætt er fjarlægðarmarka þannig að þeim ætti að vera óhætt. Lóð D4 liggur hins vegar yfir réttargötuna á Innri-Vogatanga sem er því í hættu.



**Mynd 76. Leiðagarður [131] við réttargötuna [128] á móti réttinni [129].**



**Mynd 77. Gata [128] liggur allt frá rétt [109] til réttar [129] við Réttarkletta.**

## Kvíar [2996-130] hleðsla

Ofurlítið vestan við réttina [129] er náttúruleg mosavaxin hvilft eða skál í hamraveggnum. Hún er umgirt klettunum að sunnan, vestan og austan en grjóthnullungum hefur verið hlaðið fyrir norðurvegginn. Ekki sést hvar inngangur hefur verið. Líklega hafa þarna verið kvíar. Um er að ræða mjög einfalt mannvirki þar sem smíð náttúrunnar er nýtt til fullnustu. Það hefur einkum gildi í tengslum við minjaheildina við Réttarkletta. Þetta er sunnan við lóð A1 en í hæfilegri fjarlægð og ætti því ekki að vera hættu.



**Mynd 78. Leið [137] er nýleg og telst ekki til fornleifa.**

## Leið [137] gata

Um sunnanvert túnið eins það lítur út nú, nokkuð utan gamla bæjartúnsins sem sýnt er á túnakorti, liggur stígur norður – suður. Fyrst hann liggur yfir slegið tún hlýtur hann að vera frekar nýlegur og þetta eru því ekki fornleifar.

## Samantekt og niðurstöður

Innan skipulagssvæðisins voru skráðar 37 minjar, þar af 35 sem teljast fornleifar, og sjást 31 þeirra á yfirborði. Fimm fornleifar eru horfnar. Langflestar minjar eru í túninu kringum bæinn. Mest minjagildi hafa túngarðurinn [117] sem umgirðir túnið og kvíar eða rétt [129] í norðurhluta svæðisins.

Í deiliskipulagi er oftast nær gert ráð 15 m friðhelguðu svæði kringum þær minjar sem þekktar voru fyrir skráningu eins og sagt er til um í lögum um menningarminjar.[27] Þeim ætti því að vera óhætt ef farið er varlega. Landeigendur hafa auk þess mikinn áhuga á að vernda minjar á svæðinu.

Klettur hefur verið í ábúð síðan á 13. öld að minnsta kosti en eldri bæjaleifar eru líklega horfnar undir núverandi bæ. Bæjarstæðið gæti hafa verið á svipuðum slóðum frá upphafi. Vegna langrar ábúðarsögu ætti því að hafa í huga að minjar geta leynst í jörðu kringum það. Í túninu næst bænum þ.e. innan túngarðsins, voru þó einkum skráðar minjar sem gætu verið frá tímabilinu 1870-1920. Mannvirki við Voginn, austan túns, gætu sum verið yngri, byggð eftir að túnið var ræktað fram á tangana.

Lambhús [103], garður [104] og súrheystóft [106] norðaustan og austan bæjarins hafa nokkurt minjagildi í samhengi við minjaheildina á svæðinu. Niðurgröftur [107] við súrheystóftina er hins vegar ekki fornleif. Þessi mannvirki eru rétt innan við vesturmörk lóðar D1 á skipulagssvæðinu en töluvert frá sjálfum byggingarreitnum og ætti að vera óhætt ef farið er varlega.

Fjárhústóftir [105] ásamt hlöðu og hesthúsi á hæð sunnan lækjar, suðvestan bæjar, eru frekar heillegar og hafa nokkurt minjagildi. Þær eru austan við lóð E1 og byggingareiturinn í hæfilegri fjarlægð. Tóftirnar ættu ekki að vera í hættu meðan farið er varlega.

Tóftir af fjósi og hlöðu [115] á hæð norðan lækjar gegnt fjárhúsunum hafa einnig nokkurt minjagildi. Norðausturhornið á lóð E1 nær inn yfir tóftirnar samkvæmt skipulagsuppdrætti en

[27] *Lög um menningarminjar* nr. 80, 2012, 22. gr.

í raun rennur lækurinn á milli hennar og byggingarreitsins og ætti tóftunum að vera óhætt. Staðsetning fjárhústóftanna og fjóstóftanna uppi á hæðum veitir þeim auk þess vernd.

Úthústóft [116] er ágætlega varðveitt og hefur nokkurt minjagildi. Hún er fjarri byggingalóðum og ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en gæti stafað ógn af mýrlendi sem myndast hefur í kringum hana.

Garðlag [111] ásamt þúst sem mögulega geymir tóft hefur nokkurt minjagildi. Minjarnar eru töluvert frá byggingareitum en gæta þarf að fjarlægðarmörkum milli vegar og vesturenda garðsins. Tóftir [110] og [112], sem í raun er einungis bunga, eru mjög ógreinilegar og hafa lítið minjagildi. Þúst [112] er töluvert frá byggingalóðum og því ekki í hættu. Tóft [110] er hins vegar á suðurmörkum lóðar C1, gæti lent undir bílaplani og er því í hættu. Þetta mætti leysa með því að færa bílaplanið örlítið vestar. Tóft [113] nokkru norðar í þýfðu túninu er mjög ógreinileg. Þarna virðist móta fyrir veggjum en má efast um hvort þetta sé manngert eða náttúrulegt. Ef um eiginlega veggi er að ræða gætu þarna þó verið fornar minjar og þarf að hafa hugfast hve Klettur hefur verið lengi í byggð. Suðvesturhornið á byggingarreit C1 fer yfir þetta svæði sem er því í hættu. Ef ekki er hægt að færa byggingareitinn mætti taka könnunarskurð eða kanna meinta tóft nánar með borkjarna. Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um hvað þarf að gera.

Tóft [102] við norðurtúngarðinn [117] er vel greinanleg en hálfgert hrúgald og hefur varla mikið minjagildi; grjóthröngl innan hennar gæti að hluta til verið frá túnahreinsun. Hún er hins vegar fast upp við byggingareit C1 og því í hættu.

Tóftir [120] og [119] sunnan í túninu líta ekki út fyrir að vera mjög gamlar og hafa lítið minjagildi. Þær eru fast við veg að lóð E1 og gætu því verið í hættu. Mögulega mætti færa veginn örlítið norðar.

Allar minjarnar hafa verið mældar nákvæmlega upp en þar sem hættu stafar af framkvæmdum metur Minjastofnun hvort grípa þurfi til ráðstafana og þá með hvaða hætti.

Kartöflugarður [118] við suðurtúngarðinn [117] hefur nokkurt minjagildi en er enn þá í notkun. Hann er fast sunnan við lóð E1 en lengra frá sjálfum byggingareitnum og ætti ekki að vera í hættu ef farið er varlega.

Túngarður [117] er töluvert mannvirki sem tvímælalaust hefur mikið minjagildi, einkum þó grjótgarðurinn að norðan og vestan og vesturhluti torfgarðins sem er best varðveittur. Mikilsvert er að túngarðurinn skuli hafa geymst sem heild. Lóð C1 liggur yfir norðvesturhorn grjótgarðsins og sjálfur byggingareiturinn er einungis í 7 m fjarlægð frá garðinum. Lóð D1 nær fast að eystri hluta grjótgarðsins og lóð E1 þétt að suðvestanverðum torfgarðinum en þar eru byggingarreitirnir nokkuð fjær. Þeir hlutar túngarðsins sem eru nálægt byggingareitum eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og á það einkum við norðvesturhornið þar sem byggingareitur C1 er fast upp við garðinn á kafla þar sem hann er sérlega vel varðveittur. Framkvæmdaaðilar hafa hins vegar ítrekað lýst því yfir að þau vilji gæta varúðar og kappkosta að varðveita túngarðinn eða svo vitnað sé beint í Jóhannes Haraldsson: „Gömlu túngarðarnir eru algjörlega heilagir.“ Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um hvað best er að gera.

Sjóvarnargarður [127] hefur líklega upphaflega verið tengdur túngarðinum sem hluti af honum. Hann er tiltölulega vel varðveittur og hefur mikið minjagildi. Sambyggð við hann innanverðan eru tvö byrgi [125] og [126] sem einnig hafa mikið minjagildi. Minjarnar eru í öruggri fjarlægð frá byggingareit á lóð D2 og í hættu vegna nálægðar við sjó fremur en vegna framkvæmda.

Torfgarður [135] sem liggur að sjónum er líklega nokkuð yngri en túngarðurinn og minjar í bæjartúninu. Hann hefur nokkurt minjagildi í tengslum við heildina og slíkt hið sama má segja um götu [121] sem liggur meðfram honum, naust [122] og uppsátur [123] í fjörunni. Minjarnar eru í öruggri fjarlægð frá byggingalóðum og ætti að vera óhætt fyrir framkvæmdum en nálægð við sjóinn getur skapað hættu. Vinkillaga garður [124] við Voginn, torfhlaðinn og grjóthlaðinn, er ágætlega varðveittur og hefur nokkurt minjagildi. Hann er austan lóðar D2, í öruggri fjarlægð frá byggingareitnum og ætti að vera óhætt, nema ef til vill fyrir sjónum. Torfhlaðið garðlag og rétt [109] eru byggð sem framhald af norðurtúngarðinum [117] og eru sennilega nokkuð yngri en hann en hafa nokkurt minjagildi. Minjarnar eru milli lóðar D2 og D4 en sjálfir byggingareitirnir virðast vera í hæfilegri fjarlægð. Minjunum ætti að vera óhætt ef farið er varlega.

Gata [134] sem liggur út á Innri-Vogatanga hefur lítið minjagildi nema sem hluti af heildinni. Lóð D4 er vestan við hana en byggingareiturinn fjær. Götunni ætti því að vera óhætt. Ofan hennar við fjöruna eru hleðslur [133] milli kletta. Óljóst er hvaða tilgangi þær hafa þjónað en þarna gæti hafa verið setið fyrir fugli. Hleðslurnar eru ágætlega varðveittar og hafa svolítið minjagildi. Rétt hjá þeim má á tanganum enn greina brot af vörðu [132] sem bátar tóku mið af við lendingu. Þetta vörðubrot hefur þó lítið minjagildi. Önnur varða [136] sem þarna stóð er alveg horfin. Bæði hleðslur og vörðuleifar eru fjarri byggingareitum og ekki í neinni hættu.

Grjóthlaðin rétt [129] sem varðveitt er við Réttarkletta norðar á svæðinu, ásamt leiðagarði [131] við réttargötuna [128] þar sem hún kemur niður að kvíunum eru vel varðveittar og heillagar minjar sem tvímælalaust hafa mikið minjagildi. Minjarnar eru sunnan við lóð A1 en gætt er að fjarlægðarmörkum þannig að þeim ætti að vera óhætt. Lóð D4 liggur hins vegar yfir réttargötuna á Innri-Vogatanga sem er því í hættu. Minjastofnun metur hvort nægilegt sé að hún hafi verið mæld upp.

Kvíar [130] vestan við réttina er einfalt mannvirki þar sem grjóthleðslu er bætt við smíð náttúrunnar. Það hefur gildi í tengslum við minjaheildina við Réttarkletta. Aðhaldið er sunnan við lóð A1 en í hæfilegri fjarlægð og ætti ekki að vera hættu

Gata [137] í suðurhluta svæðis er nýleg og telst ekki til fornleifa.

Að auki var skráð horfið brunnhús [108] við lækinn mill fjáhústófta [105] og fjóstófta [115] og horfinn brunnur [114] og lokræsi [138] norðaustan bæjar.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki

landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

# Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1918-1921). *Jarðabók: Árnessýsla* (II). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson. (2012). *Þar minnast fjöll og firðir: Ýmislegt um Gufudalshrepp hinn forna í máli og myndum*. Brekka í Dýrafirði: Vestfirska forlagið.

Finnbogi Jónsson (ritstj.). (2014). *Vestfjarðarit: Hjalla meður græna: Austur-Barðastrandarsýsla 1900-2012* (IV). Ísafjörður: Búnaðarsamband Vestfjarða.

*Íslenzk fornrit*, I. (1968). Jakob Benediktsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

*Íslenzkt fornbréfasafn*, I. (1857-1876). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

*Íslenzk fornrit*, XIII. (1991). Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

*Íslenzkt fornbréfasafn*, VIII. (1906-1913). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

Kålund, Kristian. (1985). *Íslenzkir sögustaðir: Vestfirðingafjórðungur* (II, þýð. Haraldur Matthíasson). Reykjavík: Örn og Örlygur.

*Lög um menningarminjar* nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 1. apríl 2023 á: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html.

*Túnakort fyrir Klett, Gufudalshreppi.* (1920).

Þorsteinn Þóðarson. (1952). Lýsing vestari hluta Gufudalssóknar. *Sóknarlýsingar Vestfjarða: Barðastrandasýsla* (I). Reykjavík: Samband vestfirzkra átthagafélaga. Bls. 79-91.

## Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Klettur: Örnefnalýsing Kletts í Gufudalshreppi. (1990). Ari Gíslason skráði með athugasemdum Sæmundar Brynjólfssonar ábúanda að Kletti 1927-1960 (f. 1888 á Kleifastöðum).

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-101 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Býli | Hlutverk | Heimild | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna ábúðar |
| Aldur | 1900 | Horfin | Já | Horfin ástæða | Vegna byggingar |
| Efni | | Umhverfi | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1920 | Örnefnaskrá | Ö-Klettur, 4-5. | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | Finnbogi Jónsson, 2014, 446.Kålund, 1985, 147;*Íslenzk fornrit*, XIII, 1991, 208. Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson, 2012, 167. | | |
| Isnet E | 336439,620 | Isnet N | 575711,329 | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | | Minjagildi | Ekki metið |
| Ljósmyndari | JH | Mótvægisaðgerðir | | | |



Á túnakorti frá árinu 1920 sést síðasti gamli torfbærinn. Áttatáknanir vantar á kortið en bæjarlækurinn sem enn rennur um túnið sést á kortinu og af stefnu hans og mannvirkjum má ráða hvernig það snýr. Norðan lækjarins eru sýnd þrjú mannvirki í röð með stefnu norður – suður og má ætla að hið nyrsta og stærsta sé gamli torfbærinn. Fast sunnan hans hefur þá verið útihús og fast sunnan þess matjurtagarður á bakka bæjarlækjarins. Þessi mannvirki í bæjarstæðinu eru horfin en á gömlum ljósmyndum sem varðveittar eru í einkasafni fjölskyldunnar að Kletti sést að torfbærinn hefur snúið framgöflum austur að firðinum. Hann stendur enn á mynd frá árinu 1936 en á annarri mynd sem var tekin tæplega tuttugu árum síðar sést hins vegar að annar bær er að rísa. Þar er syðsta burstin ein uppistandandi af gamla bænum og í stað nyrðri bursta er komið nútímalegra íbúðarhús, fyrsti hluti bæjarins sem stendur að Kletti núna. Gamli bærinn var því tekinn niður smám saman og nýr byggður í sama stæði. Byggingarframkvæmdir stóðu yfir árin 1954 -1955

Ljósmynd Jóhannes Haraldsson.

Sjá frekari lýsingar í skýrslu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-102 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Útihús | Hlutverk | Tóft | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illgreinanlegar fornleifar | Hættumat | Mikil hætta | Hættuorsök | Vegna bygginga |
| Aldur | 1900-1950 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Efni | Grjót | Umhverfi | Rétt innan túngarðsins | | |
| Lengd | 8,6 m | Breidd | 4,5 m | Hæð | 0,6 m |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Nei | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | Heimildamaður:Hrafnhildur Haraldsdóttir | | |
| Isnet E | 336373,626 | Isnet N | 575821,603 | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | Gras,þýft | Minjagildi | Lítið |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | Uppmæling er kannski fullnægjandi | | |



Norðvestan bæjarins, rétt innan við grjóthlaðna túngarðinn [117] sem girðir bæjartúnið að norðan er tóft, aflöng tóftarlaga hólbunga eða manngerð upphækkun í þýfðu túninu. Stefnan er n – s og stærðin um 8,6x4,6 m, hæð veggja 0,2-0,6 m og breidd 1 m. Grjóthnullungar virðast mynda einfaldar veggjalínur eða liggja að minnsta kosti í röð og mögulega hefur verið inngangur á norðurgafli. Mikið grjóthröngl er þó í tóftinni, einkum sunnan megin þannig að efast má um hvort um eiginlega tóft sé að ræða þótt þetta sé greinilega manngert. Að sögn Hrafnhildar hafa heimamenn frekar hallast að því að þarna sé grjót úr túnahreinsun. Ef til vill hefur gjóti smám saman verið hrúgað upp í tóft sem þarna hefur verið fyrir. Náttúruleg uppspretta kemur fram undan hólbungunni og mætti því einnig velta fyrir sér hvort mannvirkið hafi tengst henni. Mjög þýft og ójafnt er í túninu fast vestan við tóftina. Hún hefur varla mikið minjagildi en er fast upp við byggingareit C1 og er því í hættu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-103 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Lambhús/fjárhús | Hlutverk | Tóft | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illgreinanlegar fornleifar | Hættumat | Lítil hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | 1920 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Efni | Torf og grjót | Umhverfi | Efst í túnbrekku | | |
| Lengd | 4,4 m | Breidd | 4,0 m | Hæð | 1,6 m |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1920 | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | Heimildamaður:Hrafnhildur Haraldsdóttir | | |
| Isnet E | 336486,860 | Isnet N | 575750,442 | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | Gras | Minjagildi | Lítið |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Á túnakorti er aflangt útihús með stefnu nokkurn veginn norður – suður sýnt norðaustan bæjarins. Að sögn Hrafnhildar Haraldsdóttur var þarna lambhús og hefur hún það eftir föðursystur sinni. Húsið sést úr fjarlægð á gamalli ljósmynd í eigu fjölskyldunnar. Lambhússtæðið er í norðurenda náttúrulegs hæðarbakka eða efst í túnbrekku og má greinilega sjá bungu eða svolítinn hól, um 4x4 m að stærð, þar sem tóftin hefur verið. Hann er 0,5-1,6 m að hæð, hæstur að norðanverðu. Halli er á túninu í norður og suður. Ekki sér fyrir veggjum en norðan í hólnum glittir í grjót. Syðri endi fjárhússins hefur verið sléttaður í túnið og nú stendur þar lítil rétt úr timbri

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-104 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Matjurtargarður | Hlutverk | Garðlag | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Illgreinanlegar fornleifar | Hættumat | Lítil hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | 1900 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Efni | Torf | Umhverfi | | | |
| Lengd | 15 m | Breidd | | Hæð | 1,0 m |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Nei | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | Heimildamaður:Hrafnhildur Haraldsdóttir | | |
| Isnet E | 336494,250 | Isnet N | 575751,449 | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | Gras,þýft | Minjagildi | Lítið |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Garðlag liggur um 15 m í austurátt niður frá hólnum, alveg yfirgróið grasi og nokkuð útflatt og þýft, um 1 m að breidd og 0,5-1 m að hæð. Ekkert hleðslugrjót er sýnilegt og hefur þessi garður því annað hvort eingöngu verið hlaðinn úr torfi eða að grasgróðurinn hylur grjótið. Mjög þýft er á svæðinu sunnan garðsins, þ.e. í hallanum niður frá hólnum en þarna var áður matjurtagarður samkvæmt Hrafnhildi. Þessar minjar hafa lítið gildi nema í samhengi við minjaheildina á svæðinu. Þær eru rétt innan við vesturmörk lóðar D1 á skipulagssvæðinu en alllangt frá sjálfum byggingarreitnum og ætti þeim að vera óhætt.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-105 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Fjárhús,hesthús | Hlutverk | Tóft | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Greinanlegar fornleifar | Hættumat | Lítil hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | 1900 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Efni | Torf og grjót | Umhverfi | | | |
| Lengd | 20,3 m | Breidd | 9,5 | Hæð | 1,0 m |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Túnakort 1920 | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 336387,958 | Isnet N | 575685,4910 | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | Gras | Minjagildi | Nokkurt |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Á túnakorti er sýnd aflöng bygging með stefnu n-s. Þarna voru fjárhús og eru tóftirnar enn vel varðveittar. Nyrst eru tvö rými með stefnu v-a og liggja þvert fyrir norðurendum fjárhúsanna sem ganga suður út frá þeim. Nyrsta rýmið er hlaðið á norðurbrún hæðarinnar og er best varðveitt. Veggir ná 1-2 m hæð og er utanverður n -veggur hæstur. Þeir eru um 1 m að b, hlaðnir úr torfi og grjóti. Grjóthleðslurnar eru mjög greinilegar og ágætlega varðveittar. Inngangur í þetta rými er úr miðrými sem skilur það frá fjárhúsunum. Miðrýmið gæti hafa verið hlaða, næst fjárhúsunum. Þessi tóft er opin í austur og sjást engar veggjaleifar en þar gæti hafa verið timburgafl. Þau eru líka hlaðin úr torfi og grjóti. Útveggurinn að A- er varðveittur upp í 0,7 m hæð að innan en 1 m að utan og er hleðslugrjót greinilegt. Vestri útveggurinn er útflattur og brúnir mjög ógeinilegar. Veggjabreidd er um 1 m. Torf- og grjóthlaðnir garðar sem liggja eftir endilöngum gólfum varðveittir og ná um 0,7 m hæð.

Sjá nánari lýsingar í skýrslunni.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-106 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Útihús | Hlutverk | Tóft | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Greinanlegar fornleifar | Hættumat | Lítil hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | 1900-1930 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Efni | Torf og grjót | Umhverfi | Mannvirkin eru byggð í halla utan í brekkur brún | | |
| Lengd | 4,5 m | Breidd | 4,0 m | Hæð | 1,0 m |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Nei | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 336496,766 | Isnet N | 575710,023 | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | Gras | Minjagildi | Nokkurt |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



Austur af bænum og suður af lambhúshólnum [103] er tóft [106] ásamt niðurgrefti [107]. Mannvirkin eru byggð í halla utan í brún sömu brekku og lambhúsið stóð á og er skurður með rennandi vatni fast sunnan við niðurgröftinn. Brekkan myndar að hluta til veggina vestan megin. Tóftin er 4,5x4 m að stærð, 0,6-1 m að hæð og veggir um 1 m að breidd. Mannvirkið hefur verið byggt úr torfi og grjóti sem einkum er sýnilegt í norðurveggnum. Inngangur sést á austurgafli og virðist veggurinn þeim megin hafa hrunið fram í hallanum. Við tóftina sunnanverða er annað ferhyrnt mannvirki [107], 3,5x3,5 m að stærð og hæð frá botni að innanverðum veggjabrúnum 0,6-0,7 m. Þarna virðist vera um niðurgröft að ræða fremur en hlaðna veggi. Fast við suðvesturhorn niðurgraftar [107] er annar lítill niðurgröftur með lífrænum nútímaúrgangi en hann er greinilega ekki gamall og telst ekki til fornleifa. Þessi mannvirki sjást ekki á túnakorti og eru ef til vill ekki mjög gömul þótt þau gætu verið hundrað ára. Þau hafa þó ekki mikið minjagildi nema ef til vill sem hluti af minjaheild svæðisins. Þau eru rétt innan vesturmarka lóðar D1 en alllangt frá byggingarreitnum og ættu því ekki að vera í hættu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-107 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Ruslagryfja | Hlutverk | Niðurgröftur | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Greinanlegar fornleifar | Hættumat | Lítil hætta | Hættuorsök | | | |
| Aldur | 1900-1950 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | | | |
| Efni | Torf | Umhverfi | | | | | |
| Lengd | 3,5 m | Breidd | 3,5 m | Hæð | 0,7 m | Hleðslu umferð | |
| Túnakort | Nei | Örnefnaskrá | | | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | | | |
| Isnet E | 336495,043 | Isnet N | 575705,098 | | | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | Gras | Minjagildi | Lítið | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Áfast við tóftina sunnanverða er annað ferhyrnt mannvirki,3,5x3,5 að stærð og hæð frá botni að innanverðum veggjabrúnum 0,6-0,7 m. Þarna virðist vera um niðurgröft að ræða fremur en hlaðna veggi. Fast við suðvesturhorn niðurgraftar [107] er annar lítill niðurgröftur með lífrænum nútímaúrgangi en hann er greinilega ekki gamall og telst ekki til fornleifa. Þessi mannvirki sjást ekki á túnakorti og eru ef til vill ekki mjög gömul þótt þau gætu verið hundrað ára. Þau hafa þó ekki mikið minjagildi nema ef til vill sem hluti af minjaheild svæðisins. Þau eru rétt innan vesturmarka lóðar D1 en alllangt frá byggingarreitnum og ættu því ekki að vera í hættu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-108 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Brunnur | Hlutverk | Heimild | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Ekki sést til fornleifa | Hættumat | Engin hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | 1900-1950 | Horfin | Já | Horfin ástæða | Ekki vitað |
| Efni | | Umhverfi | | | |
| Lengd | | Breidd | | Hæð | |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Nei | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | Heimildamaður: Hrafnhildur Haraldsdóttir | | |
| Isnet E | 336388,235 | Isnet N | 575696,783 | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | Gras | Minjagildi | Ekki metið |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |

Að sögn Hrafnhildar var brunnhús við lækinn beint norður undir hæðinni þar sem fjárhús [105] stóðu. Það er alveg horfið.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-109 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | Innri-Vogatangi | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Rétt | Hlutverk | Tóft | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | Engin hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | 1900-1950 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Efni | Torf | Umhverfi | | | |
| Lengd | 20 | Breidd | 8 | Hæð | 1,4 m |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Nei | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 336627,191 | Isnet N | 575666,072 | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | Gras | Minjagildi | Mikið |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



N við garðlag [124] er torfhlaðin rétt. Hún er eins og garðlagið staðsett á vel grasi grónum bakkanum við Innri-Vogatanga og er allt mjög þýft, bæði innan hennar og í kring. Réttin er um 20x8 m að stærð. Torfveggur gengur austur frá skurði sem liggur þvert á hann. Þessi garður virðist nánast byggður sem framhald af grjóthlaðna túngarðinum [117] sem nær fram að skurðinum hinum megin. Meðfram v-hluta -garðsins er sylla, um 0,5 m að hæð, þannig að neðsta hleðslulagið í garðinum hefur verið breiðara. Syllan endar andspænis inngangi að sjálfri réttinni. Eystri hluti garðsins myndar síðan norðurvegg réttarinnar sem snýr v – a en inngangurinn er á v-vegg. Hæð veggja er 0,5-1,4 m og breidd um 1 m. Mestri hæð nær s-veggurinn á 5 m kafla, 1,4 m að utan en 1 m frá botninum að innan. Grjót er hvergi sýnilegt en ef til vill hefur gróið yfir það.Hleðsluefnið hefur þó sennilega mestmegnis verið torf. Réttin hefur nokkurt minjagildi, einkum í tengslum við minjaheildina á svæðinu.

Sjá frekar í skýrslu.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-110 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Útihús | Hlutverk | Tóft | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Greinanlegar fornleifar | Hættumat | Engin hætta | Hættuorsök | | | |
| Aldur | 1900-1960 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | | | |
| Efni | | Umhverfi | | | | | |
| Lengd | 2,6 | Breidd | 2 | Hæð | 0,5 | Hleðslu umferð | |
| Túnakort | Nei | Örnefnaskrá | | | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | | | |
| Isnet E | 336375,094 | Isnet N | 575775,699 | | | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | Gras | Minjagildi | Lítið | | |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | | | |



Í þýfðu túninu norðan við vesturenda sveiglaga garðs [111] leynist lítil tóft, um 2,5x2 að stærð, líklega frá einhverju útihúsi. Hún rennur nánast saman við umhverfið en er örlítið grænni og mótar fyrir lágum veggjum, einungis 0,1 m háir að utan en 0,3 m að innan en botninn er lægri en túnið í kring. Inngangur hefur líklega verið á vesturvegg. Tóftin hefur lítið minjagildi. Hún er á suðurmörkum lóðar C1 og gæti lent undir bílaplani. Hér er því hætta á ferðum.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | 2996-111 | Bæjarnafn | Klettur | Gömul nr. | Ekki skráð áður | Jarðatalsnr. | 65 |
| Svæði | | Sveitafélag | Reykhólahreppur | Dag. | 09.05.2022 | Skráning | RKT |
| Tegund | Garður | Hlutverk | | Flokkur | Búsetuminjar | | |
| Sérheiti | | Friðað | Já | Verkefni | Deiliskipulag Klettur í Kollafirði | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar | Hættumat | Engin hætta | Hættuorsök | |
| Aldur | 800 | Horfin | Nei | Horfin ástæða | |
| Efni | Torf og grjót | Umhverfi | | | |
| Lengd | 53 | Breidd | 2 | Hæð | 0,7 m |
| Hleðslu umferð | | | | | |
| Túnakort | Nei | Örnefnaskrá | | | |
| Mæling | Uppmæling | Heimildir | | | |
| Isnet E | 336393,641 | Isnet N | 575758,067 | | |
| Verkefna nr. | 2996 | Gróður | Gras | Minjagildi | Mikið |
| Ljósmyndari | RKT | Mótvægisaðgerðir | | | |



